

27. Frumvarp

til laga breyting á lögum nr. 36, 26. oktbr. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

Í stað 3. gr. 2. málsl. laga nr. 36, 26. oktbr. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs, komi:

Ennfremur skal haldið á hverju vori búnaðarnámsskeið við skólann, 6—7 vikur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forstöðumaður Eiðaskólans hefir farið fram á ofangreinda lagabreyting og færir þær ástæður fyrir, að hæpið sje að unnið verði að jarðabótum til verulegra nota að haustinu til vegna tíðarfars, og ennfremur sje það hagfeldara, — og kostnaðarminna fyrir utanskólamenn — að námsskeiðið sje í einu lagi og óskift.

Með því að dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins verður að fallast á rök þau, er skólastjóri færir fyrir lagabreyting þessari, er hún hjer framborin.